

Akureyri, 19. mars 2024  
UST202303-292/S.R.B.  
08.04

## **Bráðabirgðaheimild - Starfsleyfi N-lax ehf. Laxamýri**

Vísað er til umsóknar N-lax ehf. til Umhverfisstofnunar, dags. 11.03.2024, þar sem sótt er um bráðabirgðaheimild fyrir landeldi N-lax ehf. að Auðbrekku í Norðurþingi, skv. 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Í 7. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur fram að Umhverfisstofnun er heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi sem heyrir undir lög þessi, að veita rekstraraðila bráðabirgðaheimild að hans beiðni fyrir starfseminni. Umhverfisstofnun skal eftir atvikum leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar og annarra aðila eftir því sem við á. Heyri starfsemin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Umhverfisstofnun mun birta bráðabirgðaheimild þessa á vefsíðu sinni. Heimild þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 1.09.2024. Komi í ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða helst eigi síðar en mánuði áður en heimildin rennur út.

Umhverfisstofnun mun innheimta gjald fyrir vinnu við gerð bráðabirgðaheimildar, skv. gildandi gjaldskrá stofnunarinnar á hverjum tíma. Ákvörðun Umhverfisstofnunar um veitingu bráðabirgðaheimildar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá dagssetningu þessa bréfs, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsóttir  
**forstjóri**

Steinar Rafn Beck Baldursson  
**sérfræðingur**